

Brjef ráðgjafaús fyrir Ísland til landshöfðingja viðvíkjandi þingsályktun um 57
að mældur verði Húnaflói og uppsigling á Hvammsfjörð. — Eptir að Thorberg lands- 24 marz.
höfðingi með brjefi 17. sept. f. á. hafði sent hingað ályktan samþykktu af alþingi um
að mældur verði Húnaflói og uppsigling á Hvammsfjörð, ritaði ráðgjafinn fyrir Ísland
sjóliðsstjórninni um málið og mæltist til þess, að hún yrði við beiðni þeirri, sem þings-
ályktunin færi fram á. Sjóliðsstjórnin hefur svarað þessu þannig, að sig vanti hið nauð-
synlega fje til mælinga þessara, en að hún fyllilega kannist við, að þeirra sje orðin
þörf.

Þetta læt jeg ekki hjálða þjónustusamlega að tilkynna yður, herra landshöfð-
ingi, til leiðbeiningar og til birtingar.

Brjef landshöfðingja til kaupstjóra Tryggva Gunnarssonar um samskotafjeð 58
til styrktar þeim, er biðu tjón af öskufallinu í Múlasýslum 1875. — Í póknanlegu 17. maí.
brjefi, dagsettu 6. nóvember f. á. hafði þjer, herra kaupstjóri, skýrt frá, að í yðar vörzl-
um sje fje, sem skotið haf verið saman sumarið 1875 til styrktar þeim, sem biðu tjón
af öskufallinu í Múlasýslum það ár, og það þjer sjeuð einn eptir af mönnum þeim,
sem gengust fyrir áminnstum samskotum, og yður því standi næst að ráðstafa fjenu,
hafði þjer eptir samkomulagi við amtmanninn yfir norður- og austuramtinu ákveðið, að
umgetið samskotafje verði lagt við styrktarsjóð stofnaðan með skipulagsskrá 4. marz 1878
handu þeim, er biða tjón af jarðeldi á Íslandi, en þó þannig, að fje þetta leggist við
þann hluta tjeds sjóðs, sem eingöngu er ætlaður til að ljetta neyð eða bæta tjón af
jarðeldi, sem Múlasýslurnar síðar meir kynnu að verða fyrir. Hafði þjer því farið þess
á leit, að landshöfðinginn veiti áminnstu samskotafje, sem eptir síðar meðteknum reikn-
ingi frá yður nemur kr. 1375,91 viðtöku, til að leggjast við styrktarsjóðinn samkvæmt
áðursögðu.

Það landshöfðinginn þegar áður í brjefi til amtmannsins yfir norður- og aust-
uramtinu, dagsettu 24. júlí f. á. hefur samþykkt eptir tillögum amtsráðsins í tjeðu amti,
að umrætt samskotafje sje lagt við styrktarsjóðinn handu þeim, sem biða tjón af jarð-
eldi, og jeg sje ekkert því til fyrirstöðu eptir skipulagsskrá sjóðsins, að sú ákvörðun sje
gjörð, að vöxtum og innstæðu samskotarsjóðsins eingöngu sje varið í þarfir beggja Múla-
sýs'nanna, er jeg fús á að veita nefndu fje viðtöku til þess að leggjast við styrktarsjóð-
inn á þennan hátt, og skal jeg því skora á yður að greiða mjer fjeð, annaðhvort í pen-
ingum eða í konunglegum ríkisskuldabriefum, svo fljótt sem hentugleikar yðar leyfa.

Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um umburðarbrjef dómsmálastjórn- 59
ariunnar viðvíkjandi flöskum, sem prinsinn af Monaco hefur kastað í Gólfstrauminn. 20. maí.
— Í sambandi við brjef landshöfðingjans 24. f. m., sendist yður hjermeð, herra amt-
maður, 1 expl. af umburðarbrjefi dómsmálastjórnarinnar¹ til allra amtmanna í konungs-

1) Umburðarbrjef þetta hljóðar svo:
Dómsmálastjórnin.

Kaupmannahöfn 9. marz 1886.

Frá sendiherra hins frakkneska þjóðveldis hjer í borginni hefur dómsmálastjórnin gegnum ráð-
herra utanríkismálanna fengið áskorun til dönsku stjórnarinnar um, að embættismenn í Danmörku ljái
liðsinni sitt til, ef ske kynni að eitthvað af flöskum þeim, sem erfðaprinsinn af Monaco og Pouchet

24. dag júnímán. 1886.